


Vefaðgangur að RIS-kerfi Læknisfræðilegrar Myndgreiningar

Með vefaðgangnum geta lækna nálgast öll röntgensvör (frá 1993) og myndir (frá árinu 2005) fyrir rannsóknir sem gerðar eru hjá Læknisfræðilegri Myndgreiningu (LM) eða samstarfsstofnunum (Sjúkrahúsið á Ísafirði, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Heilsugæslan á Höfn).

Áður en vefaðgangur er opnaður þarf að undirrita samning um aðgang að vefkerfi LM.

Sótt er um aðgang til Arndísar Magnúsdóttur kerfisstjóra hjá LM á sérstöku eyðublaði. Arndís býr til aðganginn og í framhaldi af því fær lækni leiðbeiningar um hvernig tengingu er komið á. Ganga þarf frá tæknilegum atriðum í tölvu notanda (oftast í gegn um síma) áður en hann getur tengst.

Þegar farið er inn á innskráningarsíðuna kemur upp gluggi eins og sá á myndinni hér til hægri.



Sláið inn notandanafn og lykilorð (frá LM)

Við blasir svona síða:



Vinstra megin á skjánum eru hnappar þar sem viðfangsefni er valið. Hér á eftir eru nokkrar algengar aðgerðir útskýrðar.

Þegar **Beidnir** er valið birtist ný stika þar sem hægt er að velja **Gera nýja**



Þegar **Gera nýja** er valið birtist beiðnaform

Ný beiðni

Upplýsingar um sjúkling

Kennitala Nafn:

Heimasími

Vinnusími

GSM

Beiðni

Tilvisandi læknir Nafn:

Hvaða rannsókn óskast

Sjúkrasaga

Spurning

Dags. og tími beiðni:

Senda til

Tegund

Athugasemd sendanda

Ef skjár er stilltur á minna en 1280x1024 upplausn sést ekki allt beiðnaformið í einu, notið





- Þegar beiðni er gerð má ekki ýta á á ENTER fyrr en beiðni er tilbúin
- Sláið inn **kennitölu sjúklings** (ekki nota bandstrik) og ýtið á **Tab**-takkann.
- Nafn sjúklings birtist.
- Athugið að amk **eitt símanúmer** sé til staðar.
- Setjið inn **læknanúmer** (þitt) og **Hvaða rannsókn óskast** (að lágmarki).
- Æskilegt er að fylla einnig inn í reitina Sjúkrasaga (eyðið "Sjá beiðni") og Spurning

Um leið og ýtt er á **Staðfesta** neðst á beiðnaformi er beiðnin komin í beiðnabiðröð röntgendeildar. Hringt verður í sjúkling við fyrsta tækifæri.

Veljið **Saga einstaklings**, þá birtist reitur fyrir kennitölu. Sláið hana inn (án bandstriks) og ýtið á enter.




Þá birtist listi yfir allar rannsóknir sem sjúklingur hefur farið í hjá LM og samstarfsdeildum. Ekki skiptir máli hvaða læknir sendi einstakling í rannsókn.

27.09.2010	12:00	RTG Brjósthol	RTG LUNGU
22.09.2010	14:30	RTG Brjósthol	RTG LUNGU
22.09.2010	13:10	RTG Brjósthol	RTG LUNGU 
08.09.2010	10:10	RTG Brjósthol 	UMSÖGN FRÁ ÖÐRUM
31.08.2010	07:50	RTG Lungu og sinusar	RTG LUNGU

Táknin í línunum þýða að með því að smella á þau er hægt að:

 Skoða svar

 Hlusta á svar


 Skoða myndir

Ekki er hægt að lesa svar fyrr en það er staðfest af röntgenlækni, en ef til er hljóðupptaka er hægt að hlusta á hana.


Það getur truflað birtingu svars ef Word er opið, ef svar birtist ekki, lokið Word og reynið aftur.

Glugginn sem birtist er líkur því sem sést hér fyrir neðan. Nokkur atriði um notkun:

- Myndir raðast sjálfvirk upp á nokkra vegu á blöð sem hægt er að velja á milli á stikunni neðst á skjánum.
- **Patient Mini Archive** er litli glugginn framan við myndirnar. Þar má sjá lista yfir myndir sem sjúklingu á fyrir *Same Body Part* / *Same Body Part and Modality* / *All studies* eftir því hvað er valið. Því miður flokkast ekki allar eldri myndir rétt hér.
- Hægt er að sækja myndir í Mini Archive með músinni (smella á mynd og draga í stóra ramma).
- Stundum eru margar myndir í einum bunka og þá er hægt að fletta með stikunni hægra megin í rammanum.
- Með flýtihnöppunum á tækjastikunni efst er hægt að skipta skjá á annan veg, stækka myndir, mæla stærðir og lengdir, stilla birtu og kontrast mynda (ef hnappur er valin færirst virkni í v-múshnapp) og snúa þeim. Sé músin sett yfir hnapp kemur hjálpartexti sem skýrir hvað viðkomandi hnappur gerir.



Í þessum glugga er hægt að sjá hvernig beiðnum miðar. Það koma sjálfkrafa skilaboð sem láta vita um stöðu beiðna. Best er að eyða skilaboðum jafnóðum og þau eru lesin því skilaboðaskjóðan getur yfirfyllst. Hægt er að merkja í reit aftast og eyða öllum merktum í einu.



Athugið að það má raða skilaboðunum með því að smella á fyrirsögn dálksins (eða gráa svæðið) en ef smellt er á hvíta kassann í dálkfyrirsögninni þá opnast gluggi þar sem hægt er að velja nánar (t.d. ákveðna kennitölu).

Hægt er að fækka dálkum sem sjást með því að nota **Stilla dálka**, t.d. taka út dálka með upplýsingum sem ekki nýtast og gefa þannig öðrum dálkum meira pláss.